

Breytingartillaga

við frumvarp til laga um skilameðferð lánastofnana og verðbréfafyrirtækja.

Frá meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar
(ÓBK, JSV, BN, BHar, ÓGunn, WÞÞ).

1. Við 2. gr. bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
Lög þessi gilda ekki um Lánasjóð sveitarfélaga ohf. og Byggðastofnun.
2. Í stað orðanna „og Færeyja“ í 1. tölul. 1. mgr. 3. gr. komi: eða Færeyjar.
3. Orðin „um samþykkt skilaáætlunar fyrir kerfislega mikilvæg fjármálafyrirtæki skv. 9. eða 10. gr. og ákvarðanir“ í 1. mgr. 5. gr. falli brott.
4. Í stað orðanna „taka tillit“ í 2. másl. 5. mgr. 16. gr. komi: skal tekið tillit.
5. Í stað tilvísunarinnar „3. mgr.“ í 5. mgr. 23. gr. komi: 2. mgr.
6. Við 28. gr.
 - a. Í stað orðanna „meginreglna um forgangsröð“ í 1. mgr. komi: forgangsraðar.
 - b. Í stað orðsins „og“ í 2. og 3. tölul. 1. mgr. komi: eða.
7. Í stað orðanna „verðbréfa-, fjárfestingar- og fagfjárfestastjóða, sbr. lög um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestastjóði“ í 3. tölul. 1. mgr. 56. gr. komi: verðbréfasjóða og sérhæfðra sjóða, sbr. lög um verðbréfasjóði og lög um rekstraraðila sérhæfðra sjóða.
8. Orðin „meginreglur um“ í 4. og 5. tölul. 1. mgr. 58. gr. falli brott.
9. Í stað orðanna „þær aðstæður“ í 1. tölul. 2. mgr. 60. gr. komi: þeim aðstæðum.
10. Í stað orðsins „sjóðurinn“ í 4. mgr. 82. gr. komi: Tryggingarsjóður innstæðueigenda og fjárfesta.
11. Við 84. gr.
 - a. Á eftir orðinu „skilavaldinu“ í 1. másl. komi: um framkomna beiðni um heimild til greiðslustöðvunar eða til að leita nauðasamnings, eða.
 - b. Í stað orðsins „synja“ í 2. másl. komi: hafna beiðninni eða.
12. 2. mgr. 86. gr. orðist svo:
Stærð skilasjóðs skal að lágmarki vera 1% af tryggðum innstæðum.
13. Við 94. gr.
 - a. Orðin „og brot er framið til hagsbóta fyrir annan lögaðila í samstæðunni eða annar lögaðili í samstæðunni hefur notið hagnaðar af brotinu“ í 2. másl. 2. mgr. falli brott.
 - b. Orðin „hins brotlega“ í c-lið 3. mgr. falli brott.
14. Í stað orðsins „birta“ í 3. mgr. 100. gr. komi: upplýsa.
15. 102. gr. orðist svo:
Lög þessi öðlast gildi 1. september 2020.
Lögin koma til framkvæmda við greiðslu iðgjalds til A-deildar Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta á gjalddaga frá og með 1. september 2020.
16. Við 103. gr.
 - a. Við 2. tölul. b-liðar 1. tölul. bætist ný efnismálsgrein, svohljóðandi:
Seðlabanki Íslands skal setja reglur þar sem m.a. er kveðið á um nánari kröfur um innihald endurbótaáætlana skv. 1. mgr. og endurbótaáætlun samstæðu skv. 82. gr. d.

- b. Á eftir b-lið 1. tölul. komi nýr staflíður sem orðist svo: 3. mgr. 82. gr. b laganna orðast svo:
 - Seðlabanki Íslands skal setja reglur þar sem fram koma lágmarksviðmið sem líta ber til við mat á efnisþáttum skv. 1. mgr.
 - c. Inngangsmálsliður h-liðar 1. tölul. orðist svo: 4. mgr. 86. gr. h orðast svo.
 - d. Í stað „45. tölul.“ í 1. tölul. w-liðar 1. tölul. og „64. tölul.“ í 2. tölul. w-liðar 1. tölul. komi: 47. tölul.; og: 66. tölul.
 - e. Á eftir 3. tölul. c-liðar 2. tölul. komi nýr töluliður sem orðist svo: Í stað orðanna „innstæður eru undanskildar“ í 1. másl. 6. mgr. kemur: er undanskilið.
17. Við ákvæði til bráðabirgða.
- a. Í stað dagsetningarinnar „1. mars“ í 3. másl. 1. mgr. komi: 1. september.
 - b. Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
 - Skilasjóður skal ná lágmarksstærð skv. 2. mgr. 86. gr. fyrir árslok 2027.